

# Fallorð




- Hvað heita flokkar fallorða og hvað eru þeir margir?
- Fallorðaflokkarnir eru fimm: Nafnorð, greinir, lýsingarorð, fornöfn, töluorð,




# Fallorð

- Hvert er einkenni fallorða?
- Fallorð fallbeygjast
- Hvað heita föllin í íslensku?
- Nefnifall, þolfall, þágufall, eignarfall



# Nafnorð




- Hvað einkennir nafnorð? Nefnið þrjú atriði.
  1. Þau fallbeygjast
  2. Þau bæta við sig greini
  3. Þau eru heiti á hlutum (borð), verum (hundur), hugmyndum (ást) og athöfnum (knattspyrna)




# Nafnorð

- Hvernig þekkjum við veik nafnorð? Nefnið dæmi.
- Veik nafnorð enda á sérhljóða í öllum föllum eintölu.
- Dæmi: Hér er bolti  
Um bolta  
Frá bolta  
Til bolta



# Nafnorð




- Hvernig þekkjum við sterk nafnorð? Nefnið dæmi.
- Sterk nafnorð enda á samhljóða í eignarfalli eintölu.
- Dæmi: Hér er köttur  
Um kött  
Frá ketti  
Til kattar



# Nafnorð

- Hver eru kenniföll nafnorða?
- Nefnifall eintölu - eignarfall eintölu - nefnifall fleirtölu.
- Dæmi: hestur, -s, -ar




# Nafnorð

- Finnið nafnorðin í eftirfarandi setningu og greinið kyn, tölu og fall hvors nafnorðs.

Það kom margt fólk í veisluna.


Fólk - hk, et, nf

Veisluna - kvk, et, pf




# Nafnorð

- Greinið kyn og tölu eftirfarandi nafnorða.
- Buxur
- Þær buxurnar (kvk. ft.)
- Dyr
- Þær dyrnar (kvk. ft.)
- Skæri
- Þau skærin (hk. ft.)





# Nafnorð



- Hvað vitum við um eftirfarandi nafnorð þegar við skoðum í orðabók.


Brauð, -s, - (h)

- Eignarfallið er brauðs  
Orðið er eins í nf. et. og nf. ft.  
Orðið er í hvorugkyni




# Nafnorð

- Hver eru kenniföll eftirfarandi orðs?
- Dagur
- Dagur - dags - dagar




# Nafnorð

- Hver eru kenniföll eftirfarandi orðs?
- Fólk
- Fólk - fólks




# Nafnorð

- Hver eru kenniföll eftirfarandi orðs?
- Vetur
- Vetur - vetrar - vetur



# Lýsingarorð




- Hver eru helstu einkenni lýsingarorða. Nefndu þrjú atriði.
1. Þau fallbeygjast
  2. Þau standa oftast með öðrum fallorðum og lýsa þeim
  3. Þau stigbreytast.



# Lýsingarorð

- Hver eru einkenni hliðstæðra lýsingarorða?
1. Þau standa með öðrum fallorðum
  2. Þau eru í sama kyni, tölu og falli og orðin sem þau standa með
  3. Þau eru þó ekki alltaf við hliðina á fallorðinu



# Lýsingarorð




- Hver eru helstu einkenni sérstæðra lýsingarorða.
1. Þau standa ein og sér í setningu, þ.e. þau standa ekki með öðru fallorði eins og hliðstæð lýsingarorð.




# Lýsingarorð

- Hvað einkennir hálfhliðstæð lýsingarorð?
1. Þau eru alltaf í hk. et. nf.
  2. Þau standa með fallorði í þgf.






# Lýsingarorð



- Finnið lýsingarorðin í eftirfarandi setningum og segið hvort þau eru hliðst., sérst. eða hálfhliðst.
- Flestir krakkar búa við góð kjör.
- Flestir - hlst / Flestir krakkar
- Góð - hlst / góð kjör



# Lýsingarorð



- Nemandinn er duglegur að læra.
- Duglegur - hlst /Nemandinn er duglegur



# Lýsingarorð



- Margir eru góðir en fáir mjög góðir.
- Margir- sérst (margir menn)
- Góðir - hlst / Margir eru góðir
- Fáir - sérst (fáir menn)
- Góðir - hlst / fáir mjög góðir



# Lýsingarorð



- Fallegu konunni var mjög heitt eftir erfiðan dag.
- Fallegu - hlst / Fallegu konunni
- Heitt - hálfhlst / konunni var heitt
- Erfiðan - hlst / erfiðan dag



# Lýsingarorð



- Húsið er fallegt enda er það fallega málað í bláum lit.
- Fallegt - hlst/ Húsið er fallegt
- Bláum - hlst/ bláum lit



# Lýsingarorð



- Hvað einkennir veikt lýsingarorð?
  1. Veikt lýsingarorð endar á sérhljóða í öllum föllum et. og ft.
  2. Veikt lýsingarorð stendur með ákveðnu fallorði.



# Lýsingarorð




- Nefnið dæmi um veika beygingu lýsingarorðs.
- Hér er góð**i** maður**inn**
- Um góð**a** mann**inn**
- Frá góð**a** mannin**um**
- Til góð**a** manns**ins**
- Hér eru góð**u** mennir**nir**
- Um góð**u** mennin**a**
- Frá góð**u** mönnun**um**
- Til góð**u** mannanna



# Lýsingarorð


- Hvað einkennir sterkt lýsingarorð?
- Sterkt lýsingarorð endar ekki á sérhljóða í öllum föllum et. og ft.
- Sterkt lýsingarorð stendur með óákveðnu fallorði.






# Lýsingarorð

- Nefnið dæmi um sterka beygingu lýsingarorðs.
- Hér er góður maður
- Um góðan mann
- Frá góðum manni
- Til góðs manns
- Hér eru góðir menn
- Um góða menn
- Frá góðum mönnum
- Til góðra manna




# Fornöfn

- Hver eru persónuförnöfnin?
- 1. persóna
- Ég - við
- 2. persóna
- Þú - þið
- 3. persóna
- Hann, hún, það - þeir, þær, þau



# Fornöfn

- Hver eru ábendingarfornöfnin?
- Sá, þessi, hinn



# Fornöfn

- Hvernig beygist  
fornafnið sá í kk?


- Hér er sá
- Um þann
- Frá þeim
- Til þess

- Hér eru þeir
- Um þá
- Frá þeim
- Til þeirra




# Fornöfn

- Hvert er afturbeygða fornafnið og hvernig beygist það?
- Pf. Sig
- Þgf. Sér
- Ef. sín




# Fornöfn

- Hver eru eignarfornöfnin?
- Minn, þinn, sinn, vor




# Fornöfn

- Hver eru spurnarfornöfnin?
- Hver, hvor, hvaða, hvílíkur



# Fornöfn




- Hvenær notum við fornaefnið hvor og hvenær notum við fornaefnið hver?
1. Við notum fornaefnið hvor þegar við erum að tala um annan af tveimur.
  2. Við notum fornaefnið hver þegar við erum að tala um fleiri en tvo.






# Fornöfn

- Hver eru tilvísunarfornöfnin?
- Sem og er




# Fornöfn

- Hvernig er hægt að vita hvencær er er sagnorð og hvencær það er tilvísunarfornafn?
- 1. Þegar hægt er að setja sem í staðinn fyrir er þá er það tilvísunarfornafn. Maðurinn er (sem) allir töluðu um ...
- 2. Þegar hægt er að setja var í staðinn fyrir er þá er það sagnorð. Þetta er (var) mjög skemmtilegt.




# Fornöfn

- Hver eru óákveðnu fornöfnin?
- Fáeinir, enginn, annar, neinn  
einhver, sérhver nokkur,  
báðir, hvorugur, allur, einn,  
ýmis, hvor tveggja, sumur  
annar hvor og annar hver  
annar tveggja, hvor og hver



# Fornöfn

- Hvernig er hægt að vita hvort fornöfnin hvor og hver eru spurnarfornöfn eða óákveðin fornöfn?
- Þau eru spurnarfornöfn þegar málsgreinin er spurning en annars eru þau óákveðin fornöfn.




# Fornöfn

- Hvenær notum við orðmyndirnar eitthvað, nokkuð og sérhvað?

- Þegar fornöfnin eru sérstæð.

Dæmi: Ætlarðu nokkuð í kvöld?

Já, ég ætla að fara eitthvað.



# Fornöfn

- Hvencær notum við orðmyndirnar eitthvert, nokkurt og sérhvert?

- Þegar fornöfnin eru hliðstæð.

Dæmi: Sástu nokkurt barn þarna úti.

Er eitthvert vit í þessu.

